

Ed.

379. Nefndarállt

um frv. til laga um líkhús.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumv. þetta og átt um það tal við biskup landsins.

Í frumvarpinu má segja að felist nokkurskonar frekari heimild en nú er til fyrir söfnuði til þess að koma sjer upp líkhúsi í kirkjugarði, þar sem þörfin útheimtir.

Slik þörf er nú, eins og kunnugt er, engan veginn almenn. Viðast hvar hagar svo til hjer á landi, að kirkjan stendur annaðhvort í kirkjugarðinum eða.þá svo nálægt honum, að sjerstakt líkhús er með öllu óþarft.

Hins vegar eru þó kringumstæðurnar sumstaðar svo, sjerstaklega bæði hjer í höfuðstaðnum og ýmsum fleiri kaupstöðum og kauptúnum, að grafreiturn inn er og hlýtur að vera alllangt frá sjálfri kirkjunni. Og þegar svo er ástatt, virðist það hagkvæmt, að til sjeu skýr og ákveðin lagafyrirmæli um það, að söfnuðurinn geti — þegar meiri hluti æskir þess — komið sjer upp líkhúsi í kirkjugarði sínum. Og að því stefnir frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, og verður þar af leiðandi að teljast rjettmætt.

Hið eina, sem nefndin taldi að þyrfti athugunar við, var það, hvort með frumvarpinu væri lögð nokkur aukin kvöð á kirkjueigendur í þeim tilfellum, þar sem söfnuður hefði ekki tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkju. En við nákvæma athugun á tilvitnun frumvarpsins til laga nr. 39, 8. nóv. 1901, og við skýringu biskups á málinu, telur nefndin að engin hætta sje á slíku, og leggur þess vegna til, að háttvirt deild samþykki frumv. óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Eggert Pálsson,
fundaskr. og frsm.

Guðm. Ólafsson.